# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Kópavogi.**

*Roðasalir 1. Sambýli. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. febrúar 2003 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Roðasali. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til suðurs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. Heimsendi. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 25. mars 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi hesthúsahverfisins í Heimsenda. Í tillögunni felst m.a. stækkun hesthúsahverfisins til suðurs og vesturs, breyttri aðkomu að svæðinu, félagsheimili, tamningagerði og hringgerðum ásamt landmótun á svæðinu. Þá er í skipulaginu ennfremur gerð grein fyrir taðþróm, mengunarvörnum og göngu- og reiðleiðum að og frá svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 4. apríl 2003.*

**Birgir H. Sigurðsson,** skipulagsstjóri Kópavogs.